

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Þjóðminjasafni Íslands, 27. maí 2025 kl. 13.00

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Ágústa Kristófersdóttir formaður Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 13:00. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt. Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Gerður Róbertsdóttir væri fundarritari sem var einróma samþykkt. Fundurinn var jafnframt fjarfundur gegnum Teams.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Mæting sameignaraðila á aðalfund RS 2025				
Heiti safns	Eignarhlutur safns	Viðvera á aðalfundi 2025	Nafn þess sem fer með umboð	Með á Teams
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Harpa Þórsdóttir	
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	María Karen Sigurðardóttir	
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Björn Steinar Pálmason	
Minjasafnið á Akureyri	6,0	6,0		Hanna Rósa Sveinsdóttir
Byggðasafnið Skógum	4,5			
Menningarmiðstöð Þingeyinga	2,5			
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5			
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0			
Listasafn Kópavogs				
Gerðarsafn	2,0			
Hafnarborg	2,0			
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	1,5	1,5	Guðný Dóra Gestsdóttir	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0	2,0		Birta Guðjónsdóttir

Síldarminjasafn Íslands	1,5	1,5		Anita Elefsen
Minjasafn Austurlands	1,5	1,5		Björg Björnsdóttir
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5			
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5			
Safnahús Borgarfjarðar	1,5			
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5			
Nýlistasafnið	1,0			
Byggðasafnið Akranesi	1,5			
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,0			
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Bóel Hörn Ingadóttir	
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0			
Tækniminjasafn Austurlands	1,0			
Listasafn ASÍ	1,0			
Byggðasafn Garðskaga	1,0			
Minjasafnið Bustarfelli	1,0			
Byggðasafn Vestfjarða	1,0			
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0			
Byggðasafnið Reykjum	1,0			
Minjastofnun Íslands (áður húsafriðunarnefnd)	0,5			
Ljósmýndasafnið Ísafirði	0,5			
Listasafn Árnesinga	0,5			
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5			
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5			
Byggðasafn Dalamanna	0,5	0,5		Valdís Einarsdóttir
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,5		Hanna Rósa Sveinsdóttir
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5	0,5		
Samtals	100,0	63,5		

Fundinn sátu einnig:

Sveinbjörg Sveinsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, Rekstrarfélag Sarps.

Ágústa Kristófersdóttir og Þorvaldur Böðvarsson, Þjóðminjasafn.

Dagný Heiðdal og Steinunn Harðardóttir, Listasafn Íslands

Gerður Róbertsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Þorvaldur Gröndal, Borgarsögusafni.

Vilhjálmína Jónsdóttir, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Erla S. Árnadóttir, LEX.

Mættir á Teams:

Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafnið á Akureyri og Iðnaðarsafnið

Birta Guðjónsdóttir, Menn.Hornaf.

Björg Björnsdóttir, Minjasafnið á Austurlandi

Anita Elefsen, Síldarminjasafnið.

Valdís Einarisdóttir, Byggðasafn Dalamanna.

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Ágústa Kristófersdóttir formaður framkvæmdastjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2024.
4. **Ársreikningar RS:** Dagný Heiðdal gjaldkeri kynnti ársreikning RS vegna ársins 2024.
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Spurningar varðandi kynningu á ársreikningi:

Harpa Þórsdóttir spyr um hækkun á kostnaði við endurskoðendur. Sveinbjörg Sveinsdóttir svaraði því til að þjónustusamningur milli Rekstrarfélags Sarps og Landskerfis bókasafna hafi verið endurnýjaður út frá breyttum forsendum út frá breyttu verklagi en einnig séu fleiri starfsmenn nú að vinna fyrir Rekstrarfélagið.

Engar frekari athugasemdir og ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

6. **Ekki var lögð fram tillaga um framlag í þróunarsjóð.**
7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.
 - 1) Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður. Formaður ráðsins.
 - 2) Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands.
 - 3) Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar Þjms.
 - 4) Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga.
 - 5) Dagný Heiðdal, skráningarstjóri Listasafns Íslands.
 - 6) Steinunn Harðardóttir, forvörður Listasafni Íslands.
 - 7) Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur.
 - 8) Björg Björnsdóttir, safnstjóri Minjasafn Austurlands.
 - 9) Þorvaldur Gröndal, sérfræðingur Borgarsögusafni Reykjavíkur.

- 8. Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga fyrir 2025. Var það samþykkt.

9. Önnur mál:

Kynnt var tillaga stjórnar Rekstrarfélags Sarps um skipan starfshóps, svohljóðandi:

Inngangur:

Stjórn Rekstrarfélags Sarps leggur til að skipaður verði starfshópur sem skoði framtíðarskipan reksturs félagsins. Starfshópurinn leggi fram tillögur að breytingum á gjaldskrá og vinni að undirbúningi nauðsynlegra breytinga á samþykktum félagsins s.s. varðandi aðild og eignarhald ef þörf krefur. Starfshópurinn skili af sér heildstæðum tillögum fyrir aðalfund ársins 2026.

Tilfni þessa frumkvæðis stjórnarinnar er að nýr Sarpur verður tekinn í notkun haustið 2025. Undirbúningsvinna við nýjan Sarp hefur leitt í ljós að til að tryggja þróun kerfisins og hámarka nýtingu þess, þarf að innleiða stafrænt gagnaumsjónarkerfi (DAM-kerfi, *Digital Asset Management*). Slík viðbót mun styðja við varðveislu, miðlun og nýtingu gagna en felur jafnframt í sér hækkun á rekstrarkostnaði sem finna þarf leiðir til að mæta.

Í ljósi þessa þarf að ráðast í heildstæða skoðun á rekstrarformi félagsins með það fyrir augum að reksturinn verði eftir sem áður sjálfbær og taki mið af breyttum aðstæðum og framtíðarkröfum.

Lagt er til að stjórn verði falið að skipa þriggja manna starfshóp sem hefur eftirtalin hlutverk:

1. Endurskoða rekstrarform félagsins með hliðsjón af nýju kerfi og framtíðarkröfum aðildarféлага.
2. Leggja fram tillögur að nýrri gjaldskrá sem endurspeglar raunverulegan kostnað og tryggir sjálfbæran rekstur.
3. Undirbúa, ef nauðsyn krefur, breytingar á samþykktum félagsins í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á rekstri og þjónustu.

Starfshópurinn skal:

- Starfa í nánú samráði við stjórn Rekstrarfélags Sarps, framkvæmdastjóra félagsins og fulltrúaráð.
- Tryggja gott samráð við aðildarsöfn með reglulegri upplýsingagjöf.
- Skila heildstæðum tillögum í tæka tíð fyrir aðalfund Rekstrarfélags Sarps árið 2026.
-

Stjórn félagsins er falið að:

- Tilnefna fulltrúa í starfshópinn.
- Setja starfshópnum erindisbréf og tímaramma fyrir vinnuna í samræmi við framangreind markmið.

Ágústa Kristófersdóttir kynnti tillöguna og lýsti eftir áhugasömum til að taka þátt í þessu starfi. Harpa Þórsdóttir tók til máls og lýsti ánægju með tillöguna. Þorvaldur Gröndal bauð fram krafta sína Tillagan var samþykkt.

Fundi var slitið kl. 13:55.

Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri

Gerður Róbertsdóttir, fundarritari